



Andakílsá 2009 (laxasvæði)

Skipting veiði eftir agni.

Agn	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Samtals
Fluga	7	157	111	221	496
Maðkur	3	50	60	83	196
Óþekkt agn	0	0	2	0	2
Sleppt	0	2	0	29	31
Samtals	10	207	173	304	694

Skipting afla eftir þyngd.

Þyngd	Ókyngur.	Hrygnur	Hængar	Samtals
0-2 kg	13	90	59	162
2,1-4 kg	23	195	251	469
4,1-6 kg	0	3	5	8
6,1-8 kg	0	0	1	1
8,1-10 kg	0	0	0	0
Óþekkt	4	22	28	54

Fimm aflahæstu flugurnar. Meðalþyngd.

Fluga	Fjöldi	Hrygnur	2,33 kg
1. Frances (allir litir)	105	Hængar	2,55 kg.
2. Snælda (allir litir)	80	Ókyngreint	2,16 kg.
3. Sunray Shadow	74	Samtals.	2,34 kg.
4. Green Butt	31		
5. Collie Dog	30		

Fimm stærstu laxarnir.

Veiðimaður	Kg.	Cm.	Veiðistaður	Agn	Kyn
1. Díska, Haukur ofl.	7,5	92	Efri Fossbakkahylur	Maðkur	Hængur
2. Axel Már Karlss.	6,0	85	Þrjú	Sunray Shadow	Hængur
3. Gunnar Þorsteinn.	5,5		Nátthagahylur	R. Frances	Hængur
4. Bjarni Viðir Pálmas.	5,0	74	Laugarfljót	græn/gul túpa	Hrygna
5. Pálmi Jónsson	4,6	75	Tvö og hálf	R. Frances	Hrygna

Skýrsla árnefndar SVFR

Árnefnd Andakílsár var þannig skipuð árið 2009: Jóhannes Kristjánsson, Kristján Guðmundsson formaður, Lára Kristjánsdóttir og Sigurður Már Jónsson.

Veiðin:

Líkt og í fyrra þá var veiðin í Andakílsá með afbrigðum góð á liðnu sumri. 694 laxar veiddust á laxasvæðinu og að auki fengust 12 laxar á silungasvæði árinna.

Skipting eftir kyni.

Kyn	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Samtals
Hrygnur	6	106	76	122	310
Hængar	4	98	70	172	344
Óákveðið	0	3	27	10	40
Samtals	10	207	173	304	694

Veiði skipt niður á veiðistaði eftir mánuðum.

Nr Veiðistaður	Júní	Júlí	Ágúst	Sept.	Samtals
1 Volti	0	1	8	16	25
2 Laugarfljót	0	0	0	51	51
2,5 Tveir og hálfur	0	0	0	72	72
3 Þrír	1	84	83	43	211
3,5 Þrír og hálfur	0	0	0	18	18
4 Efri Fossbakkahylur	8	51	52	80	191
5 Fimm	0	0	1	0	1
6 Nátthagahylur	1	47	29	8	85
7 Litlihylur	0	0	0	16	16
11 Ellefu	0	1	0	0	1
12 Sleifarvarnir	0	22	0	0	22
15 Litla Hamarskvörm	0	1	0	0	1
Samtals	10	207	173	304	694

Heildarveiði í Andakílsá 2009. (bæði svæði)

Laxasvæði	Silungasvæði	Samtals 2009
694 laxar	12 laxar	706 laxar.

Samtals veiddust því 706 laxar í Andakílsá sumarið 2009 og er árið því það næst besta á undanliðnum 40 árum. Einungis árið í fyrra hefur gefið meiri veiði eða samtals 839 laxa af báðum svæðum.

Að venju var silungasvæði árinna opnað í upphafi aprilmánaðar og var aðsókn að svæðinu ágæt í mest allt sumar. Þó nokkuð bar á flundru á svæðinu og slæddust nokkrar þeirra á færi veiðimanna. Eins bar nokkuð á þessum nýja landnema á laxasvæðinu og er





Andakílsá 2009

árnefnd lokaði ánni í lok september þá sáu árnefndarmenn nokkrar slíkar á aðal hrygningarsvæði árinna. Voru þar á ferð flundrur sem voru á að giska 20 cm. langar og erum við í árnefndinni áhyggjufull vegna þessa því sannað þykir að fiskur þessi ráðist á hrognabú sem og seiði laxfiska. Að hann skuli finnast á aðal hrygningarsvæði árinna hlýtur að gefa mönnum tilefni til að staldra við og velta fyrir sér hugsanlegum afleiðingum gagnvart framtíð laxastofns árinna. Viljum við, líkt og í fyrra, hvetja vísindamenn og aðra þá er málið varðar að grípa hið fyrsta til aðgerða til að sporna gegn þessum nýja landnema.

Hefðbundið viðhald var á húsum svæðisins þetta árið og eins var reynt að bæta við og lagfæra veiðistaði. Grjótvörn ofan veiðistaðar þrjú hafði skemmst í flóðum veturinn 2008 – 2009 og var hún endurgerð í upphafi sumars. Þá var einnig reynt að dýpka rennu í Efri Fossbakkahyl og virtist sú lagfæring skila sér í betri og dreifðari veiði yfir allt tímabilið. Munum við fylgjast grannt með þróun mála þarna í framtíðinni því árbotninn er mikið á hreyfingu á þessu svæði og því mikilvægt að skoða þennan veiðistað á hverju vori. Þá var steinum komið fyrir í ánni rétt ofan veiðihúss og veiddist a.m.k. einn fiskur þar í sumar. Næsta sumar munum við halda áfram að setja grjót í ána í von um að þar bætist við veiðistaðir í framtíðinni.

Miklir þurrkar höfðu áhrif á veiðina í sumar og þá sérstaklega í ágústmánuði. Var sá mánuður afar erfiður og vatnsstaða í ánni oftast en ekki mjög lág. Þrátt fyrir það var mikið af fiski í ánni en hann tregur eins og gefur að skilja. Þeim mun betur veiddist í september og má geta þess að lúsugir fiskar voru að fást allt þar til ánni var lokað í septemberlok. Athygli vekur að ágætis dreifing er á veiði og hvað vel veiddist í Sleifarkvörnum í júlímánuði. Þó er eins og áður mest veiði í stöðum 3, 4 og 6, árnefnd er með hugmyndir um hvernig hugsanlega megi auka dreifingu fiskjar enn meira og mun ræða þau mál við landeigendur og SVFR á vetri komanda.

Ósk veiðiréttareigenda um að veiðimenn tækju hreistsýni af veiddum fiski í sumar tókst alls ekki sem skyldi. Fæstir þeirra sem í ánni veiddu tóku sýni af fiski þrátt fyrir að óskað væri eftir því í upplýsingaramma á vegg í veiðihúsi sem og á lausu blaði sem sett var í veiðibók í upphafi veiðitíma. Því náðist ekki að fá betri mynd af hlutfalli sleppiseiða í sumarafla né að upplýsa hvort getgátur og sögusagnir, um að fiskur veiddur í

Andakílsá komi að hluta til úr sleppingum í Hafnará, eigi við rök að styðjast. Eins má nefna að þó nokkrir fiskar veiddust í ánni sem teljast tveggja ára fiskur úr sjó. Fæstum þessara fiska var gefið líf og hafa því tilmæli Veiðimálastofnunar um sleppingar á tveggja ára fiski ekki verið að ná eyrum allra veiðimanna er veiddu í Andakílsá á liðnu sumri. Áin var á árum áður þekkt fyrir stóra fiska og með því að drepa þá síðustu úr þessum flokki í ánni er verið að eyða þessum stórlaxagenum. Því er það tillaga okkar, eftir að hafa skoðað veiðibók sumarsins 2009, að veiðireglum verði breytt og að mælst verði til við veiðimenn að þeir sleppi fiski yfir 70 cm. að lengd.

Nokkrar kvartanir bárust til árnefndar frá veiðimönnum. Flestar þeirra vörðuðu hestamenn sem að mati veiðimanna fóru ekki nægjanlega varlega um bakka árinna. Eins bárust kvartanir frá veiðimönnum á laxasvæði þar sem þeim fannst veiðimenn á silungasvæði vera full aðgangsharðir við veiðimörk svæðanna. Árnefnd mun reyna að leysa úr áðurnefndum málum og leggja fram tillögur sem miða að því að koma í veg fyrir slíka árekstra í framtíðinni.

Silungsveiðin í Andakílsá var örlítið betri í ár en í fyrra. Þó var hún engan veginn á þeim nótum sem áður þekktist en vonandi er hér að verða breyting á til betri vegar. Í sumar veiddust á svæðinu 12 laxar, 44 bleikjur og 9 flundrur.

Sumarstarfi nefndarinnar lauk síðan í lok september er árnefnd gekk frá veiðihúsum og búnaði fyrir veturinn.

Fyrir hönd árnefndar Andakílsár vil ég þakka starfsfólki SVFR, umsjónaraðila veiðihúsanna, stjórn Veiðifélags Andakílsár og stjórnarmönnum SVFR fyrir ánægjulegt og gott samstarf á starfsárinu sem er að ljúka.

*F.h. árnefndar Andakílsár
Kristján Guðmundsson*

